

Starfsáætlun leikskólans Sjónarhóls skólaárið

2023 - 2024



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Hagnýtar upplýsingar	4
Starfsmannahópurinn	5
Nefndir, ráð, teymi og hópar	5
Starfið að baki og starfið framundan.....	6
Skólaárið 2021-2022	6
Skólaárið 2022-2023	8
Starfið í mánuðum.....	9
Skipulagsdagar og starfsmannafundir	13
Mat	13
Mat í mánuðum	13

Inngangur

Starfsáætlun þessi er ætluð foreldrum, rekstraraðilum og fræðsluyfirvöldum til kynningar á skólastarfi fyrir komandi skólaár 2023 - 2024. Starfsáætlunin er vinnuþagg fyrir starfsmenn leikskólans og upplýsingaþagg fyrir nýja starfsmenn. Frekari upplýsingar um starfið á Sjónarhóli er að finna í námskrá leikskólans, hana og aðrar upplýsingar um skólastarfið er að finna á heimasíðu leikskólans <http://sjonarholl.leikskolinn.is/>. Áætluninni er ætlað að leggja áherslu á það sem komandi skólaár felur í sér og gera stuttlega grein frá því sem áorðist á liðnu skólaári. Starfsáætlun skal vera höfð til hliðsjónar en má ekki vera svo stíf að uppgötvunarnám nemenda og hugmyndir kennara fái ekki að njóta sín.

Hagnýtar upplýsingar

Öll gögn sem varða skólann má finna á heimasíðu leikskólans og má þar nefna námskrá leikskólans, deildarnámskrár, foreldrahandbók, starfsáætlun, læsisstefna, skóladagatal o.s.frv. Út frá umhverfissjónarmiðum hefur verið tekin sú ákvörðun að minnka pappírnotkun og er því foreldrum ekki afhent foreldrahandbók og skóladagatal í foreldraviðtölum heldur er þeim bent á að hægt sé að nálgast áætlanir og skóladagatalið á heimasíðu skólans og getur því hver og einn ákveðið hvort hann prenti það út eða vistað.

Leikskólinn Sjónarhóll Kirkjubraut 47, 780 Höfn í Hornafirði		
Símanúmer	470-8490	
Netfang leikskólans	mariannaj@hornafjordur.is	
Heimasíða	http://sjonarholl.leikskolinn.is/	
Leikskólastjóri	Marianna Jónsdóttir	470-8491 - mariannaj@hornafjordur.is
Aðstoðarleikskólastjóri	Elínborg Hallbjörnsdóttir	470-8492 - elinborgh@hornafjordur.is
Sérkennslustjóri	Þóra Jóna Jónsdóttir	470-8497 (stoðþjónusta) nona@hornafjordur.is
Yfirmatráður	Svandís Perla Snæbjörnsdóttir	470-8494 (eldhús)

Deild	Deildarstjóri	Tölvupóstur	Símanúmer á deild
Blómadeild	Svava Kristín Þorsteinsdóttir	svavakristin@hornafjordur.is	470-8481
Stjörnudeild	Nikolina Tintor	nikolina@hornafjordur.is	470-8482
Mánadeild	Sigríður Þórunn Þorvarðardóttir	sigridurth@hornafjordur.is	470-8483
Skýjadeild			470-8484
Dropadeild	Milana Basrak	milana@hornafjordur.is	470-8485
Sunnudeild	Hulda Valdís Gunnarsdóttir	huldavaldis@hornafordur.is	470-8486
Selið			833-8186

Starfsmannahópurinn

Sjónarhóll státar af metnaðarfullum og drífandi starfsmönnum. Menntun og reynsla er mjög fjölbreytt og er meðal annars á sviði leikskólakennslu og þroskaþjálfu.

Starfsmannalisti er ekki tilbúinn og mikil vöntun er á starfsfólki þar sem engar umsóknir hafa borist.

Nefndir, ráð, teymi og hópar

- Innra eftirlit – rekstrarskoðun: Áhaldahúsið. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri hafa samband við áhaldahúsið í júlí og febrúar ár hvert til að minna á skoðun.
- Öryggisvörður: Maríanna Jónsdóttir.
- Öryggistrúnaðarmaður: Aðalheiður Fanney Björnsdóttir.
- Eldvarnarfulltrúi: Elínborg Hallbjörnsdóttir.
- Trúnaðarmaður FL: Aðalheiður Fanney Björnsdóttir.
- Trúnaðarmaður AFL: Guðleif Kristbjörg Bragadóttir
- Foreldraráð: Leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri og fulltrúar foreldra.
- Matsteymi: Maríanna, Sigríður og Svava Kristín.
- Uppeldi til ábyrgðar: Maríanna, Þóra Jóna, Hera.
- Heilsueflandi leikskóli: Hulda Valdís og Nikolína.
- Blær: Svava Kristín og Milana.
- Vefsíðustjóri: Sigríður Þórunn.
- Leið til árangurs: Þóra Jóna, Helga og Elínborg.
- Stjórnendateymi: leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri, yfirmatráður og allir deildarstjórar.
- Áfallateymi: Maríanna, Elínborg og Þóra Jóna.

Starfið að baki og starfið framundan

Þegar horft er til baka á síðasta skólaár hefur mannekla og mannabreytingar litað skólstarfið töluvert. Það er mikið álag þegar starfsfólk hefur störf og hættir og það hefur áhrif á skólstarfið. Það verður minni framþróun. En þetta stendur allt til bóta því þetta skólaár fáum við að ráða inn í tvö stöðugildi til að leysa af undirbúningstíma, einnig 25% starf tengiliðar sem kom til vegna tilkomu farsældarlaganna. Við munum halda áfram að efla starfsfólkið okkar sem og skipuleggja skólstarfið með það í huga að leikskólinn mun stækka um eina deild þegar viðbyggingin verður tilbúin. Það verða tvær deildir og með tilkomu nýs húsnæðis þá leggst starfssemin í Selinu niður.

Skólaárið 2022-2023

Hér verður stiklað á stóru varðandi það sem áorkast hefur á síðasta skólaári. Nokkuð var um mannabreytingar á deildarstjórum og einnig starfsfólki á deildum. Veikindaleyfi starfsmanna setti einnig strik í reikninginn á þessu skólaári.

Sigríður Gísladóttir hélt námskeið Uppeldi sem virkar fyrir starfsfólk, skynúrvinnslu, dagleg færni og náðargáfan adhd. Einnig tók hún börn í elstu tveimur árgöngum í hreyfiþroskapróf og fínhreyfingavinnu. Starfsfólk var virkilega ánægt með þessi námskeið og nýliðar töluðu um að þetta var gott veganesti til að byrja í vinnunni í leikskólanum.

Ákveðið var í fyrra út frá niðurstöðum í foreldrakönnun skólapúlsins að samræma upplýsingaflæði og skrifa faglega tölvupósta, bæði vikupósta og fréttabréf, til foreldra. Þetta hefur gengið vonum fram og deildarstjórar unnið flott verk í að gera starfið sýnilegra fyrir foreldrum og jafnframt aukið upplýsingaflæði.

Sökum mannekle féllu fundir oft niður og undirbúningur starfsmanna og var þá á kostnað þess að halda skólanum opnum. En það gengur ekki því starfið verður ekki eins gott í skólanum þegar þarf að keyra skólann áfram á fáu starfsfólki og það þreytist. Það þarf að endurskoða reglur varðandi lokun í leikskólanum og það verður að koma frekar til þess að loka enn að láta halla á starfsfólkið og að það þurfi að hlaupa hraðar. Það gefast allir upp í svoleiðis vinnu til lengdar. Búið er að senda drög að nýjum reglum til fræðslustjóra.

Lögð var áhersla á að auka þekkingu í tónlistarnámi leikskólabarna og var Sigurlaug tónlistarkennari í tónskólanum fengin til liðs við okkur og kenndi hún einn tíma í mánuði og svo héldu deildarstjórar á elstu tveimur deildunum þeirri vinnu áfram, eins og mögulegt var með tilliti

til mannekle. Einnig skildi hún eftir sig tónlistarmöppu sem mun nýtast áfram í starfi. Sigurlaug hélt einnig tónlistarnámskeið fyrir allan starfsmannahópinn sem mæltist vel fyrir.

Lilja Árnadóttir frá ráðgjafa og greiningastöðinni var með fyrirlestur um náttúrulega kennslu fyrir allt starfsfólk.

Farið var í helstu atriði varðandi Uppeldi til ábyrgðar. Hjördís Guðrún Ólafsdóttir leikskólakennari í leikskólanum Krakkakoti á Álftanesi hefur haldið þetta fyrir okkur. Farið var til dæmis í þarfirnar, að hvert barn er með mismunandi þarfir og það þarf að mæta þeim þar sem þau eru. Einnig var farið í hvernig á að gera deildarsáttmála.

Svava Kristín hélt fyrirlestur um leikinn og leikefnivið fyrir starfsfólk.

Tveir starfsmannafundir fóru í verkefnið Hornafjörður náttúrulega og þá féll annað niður sem átti að gera til dæmis fræðsla um kubba.

Einn starfsmannafundur fór í að lesa út úr niðurstöðum úr Skólapúlsinum, starfsmannakönnuninni. Í stuttu máli þá kom hún mjög illa út og margt sem þarf að vinna betur. En margt af því má rekja til mannekle, veikinda og öra breytinga á starfsfólki. Fólk að hætta á miðju tímabili í stað þess að hætta í lok skólarársins, um miðjan júlí.

Farið var í frábæra námsferð til Ítalíu. Það var virkilega gott hópefli og starfsfólk mjög ánægt með þá ferð. Það er svo mikilvægt að eiga sameiginlega upplifun og kynnast á annan hátt en í vinnunni og styrkja samband sitt við samstarfsfélaga. Einnig að sjá hvað aðrir eru að gera og sjá í leiðinni hvað við erum að gera gott og hvað við gætum mögulega gert öðruvísi. Fórum á námskeið í barnajóga og skoðuðum tvo leikskóla. Áhugavert var að það var lögð mikil áhersla á að kennarar leikskólanna myndu tala tungumálið sem verið er að kenna og þurfa að taka próf í tungumálunum til að fá vinnu í leikskólanum. Leikskólinn er opinn til kl 17.00 en flest börn eru til klukkan 13:30 og þú þarft að sýna fram á það að þú þurfir að hafa barnið þitt lengur en það, með vottorði. Rík áhersla er lögð á að þú eigir að vera með barnið þitt heima.

Betri vinnutími tók töluverðan tíma í umræðu um hvernig væri hægt að koma því sem best við í leikskólanum. Þetta er enn í vinnslu. Útfærsla var send frá leikskólanum til fræðslu- og frístundaráðs og einnig var hún tekin fyrir í bæjarráði. Óskað var eftir nánari útfærslu á framkvæmdinni.

Í byrjun júní hittist stjórnendateymið til að skipuleggja fræðsluáætlun, starfsáætlun, inntöku barna, niðurröðun barna og starfsfólks, endurskoða foreldrahandbók og starfsmannahandbók, sumarstarfið og starfið framundan á næsta skólaári.

Við enduðum skólaárið á skipulagsfundi sem sneri að skipulagi skólustarfsins fyrir næsta skólaár. Sá fundur var opinn fyrir alla stjórnendur, starfsmenn með fimm ára eða meiri starfsreynslu, og starfsfólk með uppeldisfræðilega menntun. Óskað var eftir auka fundartíma utan vinnutíma fyrir þennan fund.

Skólaárið 2023-2024

Skólaárið 2023-2024 fer að miklu leyti í að vinna að úrbótum varðandi niðurstöður úr skólapúlsinum og að einhverju leiti úr ytra mati Mennta- og menningarmálaráðuneytisins ásamt því að vinna að innra mati leikskólans.

Helstu áherslur skólaársins:

- Endurskoða móttökuáætlun leikskólans fyrir starfsfólk, útbúa fræðslu í myndbandaformi fyrir starfsfólk, einnig að útbúa starfsauglýsingu í myndbandsformi til að gefa betri sýn á starfið í leikskólanum. Leikskólastjóri gerir tilraunir með að taka að sér nýliðana og koma þeim inn í starfið og að aðstoðarleikskólastjóri tekur þá við hennar störfum á meðan. Það mun fara mikill tími í þetta sem skilar sér í öruggara starfsfólki, sem öðlast meiri þekkingu og er þannig betur í stakk búið í starfið. Við sjáum fram á takmarkaða inntöku barna og verða eingöngu tekin inn starfsmannabörn þar sem ekki er mögulegt að opna Selið, miðað við starfsmannastöðu leikskólans eins og hún er í dag. Ekki er hægt að taka inn ný börn fyrir en búið er að fylla stöður og starfsfólkið búið að fá nýliðafræðslu. Það þarf ef til vill að breyta reglum varðandi inntöku barna út frá starfsmannaveltu sem á sér stað á hverju ári. Það er engum til góðs ef starfsfólk er ekki í stakk búið að taka á móti börnum og foreldrum.

- Taka betur á móti nýliðum. Þarf að nýta tíma í upphafi skólaársins í fræðslu, svo fólk sé öruggt í starfi með börnum. Það sem hefur reynst erfitt síðustu ár er að starfsfólk hefur störf á mismunandi tímum yfir allt skólaárið.
- Framkvæma innra mat leikskólans, samkvæmt heildarmatsáætlun.
- Kryfja og vinna með lýðræði barna, leggja fyrir könnun (skólapúlsinn fyrir börn).
- Leggja fyrir foreldrakönnun (Skólapúlsinn).
- Leggja fyrir starfsmannakönnun (Skólapúlsinn).
- Að efla áfram stjórnendateymið, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri efli sig í starfi og allur starfsmannahópurinn eflist og styrkist í sínu starfi. Starfsfólk hvatt til að nota sína sjóði að auki til að sækja sér aukna menntun/námskeið á vinnutíma.
- Að í upphafi skólaárs sé farið yfir þau börn sem njóta stoðþjónustu svo allir starfsmenn séu meðvitaðir um hvernig hægt er að styðja fremur við þau börn og upplýstir um málefni þeirra.
- Sækja námskeið sem tengjast áherslum starfsins t.d. uppeldi til ábyrgðar, uppeldi sem virkar o.fl.
- Klára að útbúa sameiginlega söngmöppu.
- Endurskoða garðinn út frá viðbyggingunni og gert þannig að garðar henti börnum eftir aldri.
- Endurskoða skipulag í aukarýmum (Vísindaherbergi og bókasafn). Gera þau aðlagandi og finna betri tilgang fyrir þau, t.d. vegna plássleysi á deildum.

Starfið í mánuðum

- Ágúst og september
 - 15. og 16. ágúst eru skipulagsdagar. Börnin mæta 17. ágúst og aðlögun nýrra barna hefst 28. ágúst. Dagarnir verða notaðir í að kenna nýliðum og þeim sem hafa ekki starfað lengi í leikskólanum.
 - Gert er ráð fyrir foreldraviðtölum/kynningarviðtölum um ágúst/september. Þá tekur hver deildarstjóri viðtal við foreldra á deild sinni og fer yfir starf deildarinnar yfir skólaárið, skipulag deildar og afhendir stundatöflu. Einnig er spurt út í væntingar foreldra og námskeiðið Uppeldi sem virkar kynnt fyrir þeim.

- Í september er innanlandsferð að skoða leikskóla.
- Náttúruvika í september: Í náttúruviku er tekið til á lóð skólans og í nærumhverfinu og rætt um mikilvægi þess að ganga vel um náttúruna, þ.m.t. henda rusli í ruslatunnur, flokka o.s.frv. Tengjum við Hornafjörð náttúrulega. Vinnum verkefni í listsköpun. Á degi íslenskrar náttúru er rætt um daginn og mikilvægi hans til að stuðla að því að allir séu meðvitaðir um mikilvægi umhverfisins.
- Í september er gert ráð fyrir að deildir byrji að vinna deildarsáttmála út frá Uppeldi til ábyrgðar.
- Fjölmenningsvika í september: er haldin í tengslum við evrópska tungumáladaginn og lögð er áhersla á að fræða börnin um önnur lönd og menningu þeirra.
- Október
 - Umferðarvika og náttúruvika í september: börnin eru frædd um umferðarreglur svo sem hvernig á að fara yfir götu, hvar á að ganga á gangstéttum, nauðsyn endurskinsmerkja, lesnar eru umferðarsögur, sungin umferðarlög og í vettvangsferðum sérstaklega hugað að öllu því sem tilheyrir því að ferðast í umferðinni o.fl.
- Nóvember
 - Í byrjun nóvember byrjar undirbúningur fyrir jólagjafir og jólaföndur barnanna.
 - Kærleiksvika er í nóvember: í tengslum við baráttudag gegn einelti. Í þeirri viku er aukin áhersla á vináttu, fjölskyldu, samvinnu og að allir skipti máli.
 - Læsisvika er í nóvember í tengslum við dag íslenskrar tungu: þá er lögð aukin áhersla á málörvun, læsi og söng við allar aðstæður, t.d. með því að taka bækur með í vettvangsferðir. Börnin eru hvött til að koma með bækur að heiman til að sýna hinum. Börn með íslensku sem annað mál eru hvött til að koma með bók á sínu móðurmáli og með því skapast mikilvægt tækifæri til að gera móðurmáli þeirra hátt undir höfði. Einnig myndast tenging milli heimilis og leikskóla. Í vikunni eru foreldrar sérstaklega hvattir til að lesa heima fyrir börnin sín.
 - Í lok nóvember er piparkökubakstur á hverri deild.
- Desember

- Í desember er jólastarfið okkar: jólafatadagur, jólasamvera, jólabíó/náttfatadagur og jólaball. Foreldrum er boðið á jólasamveru.
- Vettvangsferðir eru nýttar m.a. til að skoða jólaljós í bænum.
- Börnin útbúa jólagjafir til foreldra sinna.
- Janúar
 - Vika ljóss og skugga: þá er leikið með ljós og skugga og haldinn vasaljósadagur. Skuggaleikrit og fleira skemmtilegt. Ýmis efniviður leikskólans er notaður t.d. ljósakubbar til að leika með hugtökin.
 - Þorrvika: í henni er boðið upp á smakk á þorramat, börnin frædd um þorrann, hefðir og siði. Á bóndadaginn er pöbbum/öfum boðið í heimsókn og þá er boðið upp á hákarl með morgunmatnum. Í lok vikunnar er þorrablót leikskólans haldið.
 - Í janúar er einnig dansvika fyrir elstu tvo árgangana. Í lok hennar er ball í salnum.
- Febrúar og mars
 - Tannverndarvika er í lok jan/byrjun feb: er skipulögð í tengslum við tannverndardaginn. Í þeirri viku er talað um mikilvægi þess að bursta tvisvar sinnum á dag, nota tannþráð og fara til tannlæknis. Bækur eru lesnar, myndbönd skoðuð og sungin lög sem tengjast tannvernd. Einnig væri hægt að fara í vettvangsferð að heimsækja tannlæknastofuna með eldri börnunum eða fá tannlækninn í heimsókn.
 - Dagur leikskólans er haldinn hátíðlegur en útfærslan í höndum stjórnendateymis þegar nær dregur.
 - Haustviðtöl/Foreldraviðtöl: í þessum viðtölum er farið yfir stöðu barna.
 - Í tilefni konudags er mömmum/ömmum boðið í heimsókn, boðið upp á kaffi og meðlæti.
 - Bolludagur, sprengidagur og öskudagur haldnir hátíðlegir og haldið í hefðirnar. Búningar og ball á öskudag.
 - Stærðfræðivika er í mars: lögð áhersla á að vinna með hugtök stærðfræðinnar, úti og inni, á fjölbreyttan og skemmtilegan máta. T.d. með því að skoða stærð barnanna út frá mismunandi mælieiningum.
- Apríl og maí

- Litavika er í apríl þar sem grunnlitirnir eru kynntir auk þess er farið í litablöndun í lok vikunnar. Í litavikunni eru litirnir tengdur við hluti í umhverfinu sem eiga eins liti, unnin eru þema verkefni tengd litum t.d. í listsköpun, börnin koma í fötum í litunum, sungin eru lög sem tengjast litunum o.fl.
- Tónlistarvika er í apríl og þá er lögð áhersla á að kynna hljóðfæri fyrir börnunum, kenna þeim að spila á þau, læra úr hverju þau eru gerð ásamt því að lesa og hlusta á tónlistarbækur.
- Lögð er áhersla á listsköpun í tengslum við páskana og vorkomuna.
- Umferðarvika í lok apríl/byrjun maí: börnin eru frædd um umferðarreglur svo sem hvernig á að fara yfir götu, hvar á að ganga á gangstéttum, nauðsyn endurskinsmerkja, lesnar eru umferðarsögur, sungin umferðarlög og í vettvangsferðum sérstaklega hugað að öllu því sem tilheyrir því að ferðast í umferðinni o.fl.
- Hjóladagur: í lok umferðavikunnar er hjóladagur. Þá býðst öllum börnunum að mæta með hjálma og hjól í leikskólann. Elstu börn fara í hjólaferð í fylgd með lögreglunni.
- Útskrift elstu barna er 14. maí og útskriftarferð í þeirri viku, fer eftir veðri hvenær farið verður.
- Júní og júlí
 - Þá hefst sumarstarf. Kennt er markvisst um fugla, gróður, veðurfar og annað sem tilheyrir árstíðinni. Meira er farið út og í lengri vettvangsferðir.
 - Hreyfivika í júní.
 - Óvissuferðir: útfært af hverri deild fyrir sig.
 - Ísferðir, farið er á N1, Olís eða Hafnarbúðina og fengið sér ís.
 - Útidótadagur, komið með dót að heiman.
 - Humarhátíð/Sumarhátíð: hátíðarhöld, grill, búningar og fleira skemmtilegt.
 - Sulludagur, börnin mæta með stuttbuxur eða annað sem má blotna og aukaföt og eru að sulla úti. En þetta er gert eingöngu ef mjög gott veður er.

Skipulagsdagar og starfsmannafundir

Skipulagsdagar fyrir skólaárið 2023-2024 eru sex talsins. Sjá fræðsluáætlun fyrir frekari upplýsingar.

Einnig er gert ráð fyrir sameiginlegum fræðsludegi hjá öllum sem starfa undir fræðslu- og frístundasviði.

Starfsmannafundir eru að öllu jafna fyrsta þriðjudag í mánuði í tvær klukkustundir í senn. Fjölbreytt málefni eru rædd á fundum auk þess að þeir nýtast í skipulag, fundi, tiltekt inni og úti, þrif á leikföngum, námskeið og margt fleira.

Mat

Helstu áherslur í mati á skólaárinu 2023-2024 er að vinna úr umbótaáætlun varðandi ytra mat leikskólans ásamt því að framkvæma endurmat á þeim þáttum sem meta á samkvæmt heildarmatsáætlun 2021-2025. Þeir þættir sem verða skoðaðir sérstaklega eru: skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur, skipulag náms og námsæðstæður, uppeldi menntun og starfsþættir, leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna, námssvið leikskólans, leikskóli án aðgreiningar, mat á námi og velferð og velferð og líðan barna.

Dæmi um matstæki sem notuð eru við innra mat leikskólans: gátlistar, uppeldisfræðilegar skráningar, ECERS kvarðinn, viðtöl við börn á elstu deild, skólapúlsinn.

Meta þarf stöðu barna reglulega í leikskólanum og til þess eru notuð ýmis tæki.

Mat í mánuðum

- September/október: HLJÓM-2 lagt fyrir elstu nemendur. Hreyfimat á elstu tveimur árgöngum.
- Nóvember og apríl: tengslahringur á deildarfundum.
- Febrúar: Endurmat HLJÓM-2 fyrir þá sem þess þurfa.
- Mars og júní: Endurmat.
- EFI-2 lagt fyrir börn frá 3,1-3,11 ára
- Málhljóðamælirinn lagður fyrir öll börn frá tveggja ára aldri.
- Mío og TRAS lagt fyrir allt árið við ákveðinn aldur.
- Fyrir foreldraviðtöl að hausti fylla deildarstjórar ásamt hópstjórum út Alhliðaproskamats lista fyrir hvert barn deildarinnar.